

Véla- og tækjategygging bætir tjón á vélum og tækjum sem verður vegna bruna eða skyndilegar og ófyrirsjáanlegar bilunar allt eftir því sem nánar er tilgreint í skilmála. Valkvæðar viðbótarverndir eru vatnstjóns- og foktrygging og innbrotstrygging.

1. KAFLI	BILANATRYGGING	1
2. KAFLI	BRUNATRYGGING	1
3. KAFLI	VATNSTJÓNS- OG FOKTRYGGING	2
4. KAFLI	INNBROTSTRYGGING	2
5. KAFLI	ALMENN ÁKVÆÐI	3

Vátryggður er vátryggingartaki.

1. KAFLI BILANATRYGGING

1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin greiðir bætur vegna tjóns á hinu vátryggða vegna bilunar eða mistaka við notkun. Með bilun er átt við skyndilegar og ófyrirsjáanlegar skemmdir á vél eða rafbúnaði sem stöðva eða valda því að stöðva verður hið vátryggða. Sama gildir ef ekki er unnt að gangsetja eða ræsa hið vátryggða þannig að nauðsynlegt reynist að gera við það.

2. gr. Undanþágur

Vátryggingin bætir ekki tjón:

- Sem verður við flutning hins vátryggða, við viðgerð eða þegar hið vátryggða er af öðrum ástæðum utan vátryggingastaðar.
- Sem eingöngu verða rakin til gangtruflana.
- Sem takmarkast við hluti sem skipta þarf um reglulega við eðlilega notkun, þ.m.t. hjálparefni, rekstrarvörur, perur, rafhlöður, síur, mynd-, röntgen- og leysilampa.
- Sem stafar af ónógu viðhaldi eða umsjón.
- Sem verður vegna slits, hægfara eyðingar, ryðskemmda, tæringar, sýringar, sviðskemmda, ketilsteins, rispna á máluðum eða lökkuðum flötum, brots á gleri eða viðhaldskostnað.
- Sökum þess að meira er lagt á vélar en þær þola eða þær eru ekki notaðar eins og til er ætlast eða gerð þeirra leyfir.
- Er stafa af galla eða annmarka sem var fyrir þegar vátryggingarsamningur var gerður og vátryggðum eða starfsmönnum sem gegndu ábyrgðarstöðu hjá honum var eða mátti vera kunnugt um.
- Sem seljandi, viðgerðaraðili eða flutningsaðili ber ábyrgð á samkvæmt samningi eða lögum.
- Sökum vatns- eða sýrugufu eða annarra skaðlegra lofttegunda eða ryks ef slíkt fylgir venjulega rekstri vátryggðs.
- Sem rekja má til ófullnægjandi varnar- og/eða öryggisbúnaðar.
- Vegna kostnað við endurnýjun, endurheimt eða endurvinnslu tapaðra eða skemmdra gagna.
- Sem rekja má til uppsetningar, rangrar ísetningar, rangrar forritunar, röngum innslætti, textun eða hnökrum, eyðingu eða öðrum skemmdum á innslegnum gögnum.
- Á hugbúnaði.
- Af völdum tölvuárása.
- Vegna rekstrartaps eða annars óbeins eða afleidds tjóns, þ.á.m. aukakostnað sem stofnað er til í því skyni að koma í veg fyrir rekstrartruflanir.

3. gr. Varúðarreglur

Vátryggðum og starfsmönnum hans er skylt að sjá til þess að hinu vátryggða sé ávallt vel við haldið og uppfært og að fylgt sé leiðbeiningum og notkunarreglum frá seljanda sem og opinberum fyrirmælum um rekstraröryggi.

Starfsmenn vátryggða og aðrir notendur vátryggðra véla og tækja skulu hafa viðeigandi réttindi og hlotið fullnægjandi þjálfun við notkun þeirra.

2. KAFLI BRUNATRYGGING

4. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin bætir tjón á hinu vátryggða lausafé af völdum bruna, eldingar eða sprengingar. Með bruna er átt við eldsvoða, þ.e. lausan eld sem myndar loga og getur breiðst út sjálfkrafa. Með eldingu er átt við varma eða kraftaverkun rafmagns í sambandi við leiðni eldingarstraums til jarðar. Með sprengingu er átt við efnahvörf sem gerast á svipstundu með mikilli varmamyndun og öflugri rúmtaksaukningu efna.

Vátryggingin greiðir jafnframt bætur vegna eftirfarandi tjónsatvika:

- Skemmdir á gufukatli eða háprýstisúðukeri er hlýst af yfirprýstingi sem myndast óviljandi við venjulega notkun tækisins.
- Tjón af völdum loftfars eða hluta sem falla úr loftfari.
- Skemmdir vegna skyndilegrar sótmengunar frá eldstæði, sem ætlað er til að hita upp húsnaði, enda sé gerð eldstæðis í samræmi við lög og önnur opinber fyrirmæli.
- Tjón sem stafar af slökkvistarfi.

5. gr. Undanþágur

Vátryggingin bætir ekki tjón:

- Sem ekki verður talið eldsvoði, t.d. þegar hlutur sviðnar, ofhitnar eða bráðnar.
- Á hlutum sem falla undir lögboðna brunatryggingu fasteignar.
- Sem hlýst af því að vátryggð er af ásettu ráði stofnað í hættu af eldi eða hita við upphitun, þurrkun, suðu, bræðslu eða öðru þess háttar.
- Á raftækjum eða rafeindatækjum vegna skammhlaups eða annarra hreinna rafmagnsfyrirbæra, nema atvikið valdi eldsvoða eða sé bein afleiðing eldsvoða.
- Vegna rekstrartap eða annars óbeins tjóns.

3. KAFLI VATNSTJÓNS- OG FOKTRYGGING

Vátrygging þessi er sértrygging sem hægt er að taka sem viðbót við bilana- og brunatryggingu gegn viðbótariðgjaldi.

6. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin bætir tjón af neðangreindum orsökum:

- Skemmdir af völdum þess að vatn streymir skyndilega og óvænt úr vatns-, hita-, og skolplögnum. Sama gildir um flóð frá tækjum sem fasttengd eru lögnum þessum, svo sem salernisskálum, handlaugum, vöskum, baðkerum, þvottavélum eða uppþvottavélum.
- Skemmdir af völdum jarðvegsvatns sem flæðir inn á vátryggingarstað, enda hafi það orðið af völdum skyndilegrar úrhellisrigningar (skýfalls) eða snjóbráðar (asahláku). Með skyndilegri úrhellisrigningu og snjóbráð er átt við að vatnsmagnið verði skyndilega svo mikið að jarðvegsgniðurföll leiði það ekki frá.
- Foktjón af völdum ofsavæðurs, þ.e. ef vindhraði nær 28,5 m/s samkvæmt mælingu Veðurstofu Íslands. Séu ekki fánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, þegar tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum óvæðurs, þegar tjónsatburðurinn átti sér stað. Bætur greiðast fyrir allar skemmdir á vátryggðum verðmætum er hljótast beinlínis af ofsavæðri, þ.á.m. úrkomu sem fellur meðan veðrið varir eða strax í kjölfar þess. Greiðsluskylda félagsins er bundin því skilyrði að unnt sé að sjá skaða á húsum af völdum ofsavæðurs og skemmdir á vátryggðu lausafé verði raktar til skaðans.
- Skemmdir af völdum þess að olía eða kælivökvi streymir skyndilega og óvænt úr olíugeymi, olíueldstæði, kæliskáp eða kælikerfi.

7. gr. Undanþágur

Vátryggingin bætir ekki tjón:

- Sem hlýst af langvarandi raka, leka eða vegna smits og/eða myglu og sveppagróðri.
- Ef völdum vatns frá svölum, úr þakrennum eða frárennslisleiðslum þeirra.
- Af völdum grunnvatns, skólps eða flóða frá sjó, stöðuvatni, ám eða lækjum.
- Sem hlýst vegna byggingarvinnu, viðgerðum eða viðhaldi sem þriðji maður ber skaðabótaábyrgð á.
- Á vörum sem geymdar eru í kjallara; nema þær hvíli á a.m.k. 10 cm háum undirstöðum sem drekka ekki í sig raka.
- Af úrkomu sem berst inn um þak eða vegg, nema af völdum bótaskylds foktjóns.
- Á lausafé sem geymt er utanhúss, í opnum skemmum eða skýlum, gróðurhúsum eða húsum í smíðum eða geymslum sem klæddar eru með pappa, plastdúk o.þ.h.
- Á vörum í frysti- og kæligeymslum. Þó bætist tjón á vörum sem þannig eru geymdar í smávöruverslunum ef kælivökvi rennur á þær skyndilega og óvænt.
- Sem verður við áfyllingu eða missi olíu- eða kælivökva.

8. gr. Varúðarreglur

Vátryggðum ber að gæta þess að:

- Í úpphituðu húsnæði sé lokað fyrir vatnsaðstreymi og vatnslagnir tæmdar, ásamt viðtengdum tækjum, þegar hætta er á frosti.
- Ekki sé lokað fyrir miðstöðvarofna í frosti þannig að hætta sé á að vatn frjósi í þeim.
- Einungis iðnlærðir menn sjái um að þíða vatn í lögnum sem frosið hefur í.
- Lögnum og tækjum sé haldið vel við.

4. KAFLI INNBROTSTRYGGING

Vátrygging þessi er sértrygging sem hægt er að taka sem viðbót við bilana- og brunatryggingu gegn viðbótariðgjaldi.

9. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin greiðir bætur vegna þjófnaðar eða skemmda sem verða á hinu vátryggða við innbrot. Það telst innbrot ef þjófur hefur komist inn á vátryggingarstað með því að opna dyr með stolnum lykli eða öðrum afbrigðilegum ráðum eða farið inn um op sem ekki er ætlað til inngöngu. Það er forsenda fyrir bótaskyldu að á vettvangi séu ótvíræð merki um innbrot. Vátryggingin tekur einnig til skemmdarverka sem eru unnin á vátryggðum hlutum, enda hafi skemmdarverkið verið unnið í tengslum við innbrot eða rán.

10. gr. Undanþágur

Vátryggingin bætir ekki tjón:

- Vegna ráns sem framið er með hlutdeild starfsmanns vátryggðs.

- b. Vegna þjófnaðar úr peningaskáp sem opnaður hefur verið með lykli eða aðgangskóða sem skilin hefur verið eftir á váttryggingarstað.
- c. Á hlutum sem geymdir eru utandyra, í opnum skemmum eða skýlum, húsum í smíðum eða geymslum sem klæddar eru pappa, plastdúk o.þ.h.

11. gr. Varúðarreglur

Váttryggðum ber að gæta þess að dyr, gluggaop og önnur op inn á þann stað sem hið váttryggða er geymt séu tryggilega læst og lykjar geymdir þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim.

5. KAFLI ALMENN ÁKVÆÐI**12. gr. Hvað fellur undir trygginguna?**

Váttryggingin tekur til véla og tækja sem eru innanhúss á váttryggingarstað og tilgreind eru í váttryggingarskírteini. Váttryggingin tekur ekki til véla og tækja sem geymd eru utanhúss, í opnum skemmum eða skýlum, húsum í smíðum eða geymslum sem klæddar eru pappa, plastdúk o.þ.h. Fylgitæki eru því aðeins váttryggð að þau séu tilgreind sérstaklega á váttryggingaskírteini.

Það er skilyrði fyrir gildi váttryggingarinnar að hinu váttryggða hafi í engu verið ábótavant við afhendingu til váttryggðs, hafi verið endanlega komið fyrir og hafi verið fullreynt í gangi.

13. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Um bótafjárhæðir fer skv. almennum skilmálum félagsins. Ef altjón hefur orðið á framleiðsluvélum og váttryggður kaupir sambærilega vél til að halda framleiðslu áfram skal þó miða bætur við enduröflunarkostnað sambærilegrar vélar að aldri, gerð og notkun.

Bætur greiðast ekki fyrir aukakostnað, svo sem vegna múrbrots, styrkingar á veggjum og gólfum, ruðnings vega eða vegaviðgerðar. Sama gildir um aukakostnað vegna verkfalls, verkbanns, óviðráðanlegra orsaka (force majeure), yfirvinnu, hraðsendinga og flugsendinga. Ef varahlutir eru ekki fáanlegir eða aðeins með verulegum tilkostnaði, skal miða fjárhæð bóta við það sem venjulega myndi hafa kostað að gera við skemmdirnar. Sé unnt að fá notaða varahluti, er félaginu heimilt að miða tjónsbætur við verð þeirra.

14. gr. Sérákvæði um afskriftir

Rafeinda- og stýribúnaður eldri en tveggja ára afskrifast um 10% á ári, en þó aldrei meira en 70%.

Tölvur og tölvubúnaður afskrifast um 10% á ári. Tölvur og tölvubúnaður eldri en 10 ára bætist ekki.

Skilmálar þessir gilda frá 2. október 2019.